

Fjarðabyggð

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð

1.gr.

Almenn ákvæði

Meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Meðhöndlun úrgangs felur í sér söfnun, geymslu, böggun, flokkun, flutning, endurnotkun, endurnýtingu, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað

Umhverfissvið fyrir hönd Bæjarstjórnar ber ábyrgð á úrgangsmálum Fjarðabyggðar og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar, rekstur söfnunarstöðva og móttökustöðvar og flokkun og förgun úrgangs. Hver sá sem tekur verkefnin að sér skal hafa starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

Umhverfissvið, í samráði við Heilbrigðisnefnd Austurlands og framkvæmdaraðila/verktaka, ber ábyrgð á að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum og fjörum í Fjarðabyggð. Sama á við númerlausar bifreiðar, bíflök, vélar og sambærilega hluti.

Íbúar, stofnanir og fyrirtæki skulu leitast við draga úr myndun úrgangs eftir föngum.

2.gr.

Markmið.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

Markmið samþykktarinnar er:

- a. Að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- b. Að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- c. Að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

3.gr.

Söfnun á heimilisúrgangi

Með heimilisúrgangi er átt við úrgang frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappa, plast, garðaúrgang, gler, timbur, málma og samskonar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h

Umhverfis- og skipulagsnefnd gefur út og birtir reglur um hversu oft sorphreinsun fer fram. Reglur skulu settar í samráði við Heilbrigðisnefnd Austurlands og framkvæmdaraðila/verktaka.

Húsráðendum, hvort heldur er í íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði er skyld að nota þau ílát og þær aðferðir sem umhverfissvið ákveður en Fjarðabyggð útvegar sorpílát fyrir almennan og flokkaðan heimilisúrgang til notkunar við íbúðarhúsnæði og undir kaffistofuúrgang við fyrirtæki.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgæð og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

Í dreifbýli er heimilt í samráði við Heilbrigðisnefnd Austurlands að setja upp sorpílat í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpílats skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

4.gr.

Rekstrarúrgangur

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um að koma rekstrarúrgangi sínum í farveg. Þeim er skyldt að flokka úrgang sem til fellur vegna starfseminnar í samræmi við reglur Fjarðabyggðar. Frágangur og umgengni um sorpílat, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og skv. reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003. Staðsetning sorpgáma vegna rekstrarúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

5.gr.

Flokkun úrgangs

Úrgang sem fellur til skal flokka þannig að unnt sé að endurnýta, endurnota og endurvinna sem mest og lágmarka magn úrgangs sem fer til urðunar.

Í sorpílat fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni og brotajárn í sorpílat og gáma.

Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið á sérmerkta losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Timbur, brotamál, rafmagns- og rafeindataeki og annan grófan úrgang er óheimilt að setja í sorpílat fyrir blandaðan heimilisúrgang. Slíkum úrgangi skal skilað til söfnunarstöðvar eða móttökustöðvar eða til brotamálmsfyrirtækja sem hafa starfsleyfi til móttöku á brotamálmi. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílat, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Æskilegt er að þeim sé skilað inn til móttöku- og flokkunarstöðvar.

6.gr.

Sorpgeymslur og ílát

Ganga skal þannig frá sorpílatum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Húsráðendur fá afhend söfnunarílát frá Fjarðabyggð/sorpirðuverktaka og eru ábyrgir fyrir tunnunum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þær hreinsaðar reglulega.

Húsráðandi skal greiða fyrir nýja tunnu skv. gjaldskrá ef tunna hefur skemmt vegna vanrækslu húsráðanda.

Sorpgeymslu má eingöngu nota til geymslu úrgangs. Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Halda skal greiðfærri leið að sorpgeymslum og sorpílatum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílatum til losunar. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

7.gr.

Söfnunarstöðvar og móttökustöð

Í þéttbýliskjörnum eru söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang. Minni þéttbýliskjarnar og nágrannar geta sameinast um söfnunarstöð. Á söfnunarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og minni fyrirtækjum skv. gjaldskrá Fjarðabyggðar hverju sinni.

Móttökustöð Fjarðabyggðar er á Reyðarfirði og þar skal tekið á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá Fjarðabyggðar hverju sinni

Óheimilt er að losa annan úrgang á söfnunar- og móttökustöðvum en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á hverri stið.

Garðaúrgangi og jarðvegsefni, þ.m.t. grjóti og múnbroti, skal komið á sérmerktan losunarstað.

8.gr.

Gjaldtaka

Fjarðabyggð innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1 mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Þá er sveitarfélaginu heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. einnig 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

Gjöld fyrir förgun og hirðu á blönduðum og flokkuðum úrgangi innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

9.gr.

Refsiviðurlög

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum XIX kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og 68. gr laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

10.gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt ákvæðum 2. mgr., 8.gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi samþykkt fyrir sorphirðu í Fjarðabyggð nr. 247/2011.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 6. september 2018



Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri



